



SKÓLANEFND BLÁSKÓGABYGGÐAR

Reglur fyrir leikskóla í Bláskógabyggð

Gildissvið: Reglur þessar gilda um umsókn og innritun í leikskóla Bláskógabyggðar og um gjaldtöku og innheimtu fyrir leikskóladvöl. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum.

1. Skólanefnd leggur áherslu á nægilegt rými til að veita öllum börnum á leikskólaaldri sem þess þurfa leikskólavist. Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að lögheimili þess skv. þjóðskrá og föst búseta sé í Bláskógabyggð. Börn sem hafa lögheimili í öðru sveitarfélagi fá ekki leikskólavist í Bláskógabyggð nema fyrir liggja staðfesting lögheimilissveitarfélags á greiðslu hluta þess í leikskólakostnaði.
2. Börnum er úthlutað leikskólaplássi eftir kennitölu, þeim elstu fyrst. Tekið er við 12 mánaða gömlum börnum og eldri í leikskólum Bláskógabyggðar. Berist umsókn um leikskólavist fyrir yngra barn er sú umsókn metin útfrá aðstæðum hverju sinni.
Unnt er að sækja um forgang að leikskólum Bláskógabyggðar vegna:
 - a. Barna starfsfólks leik- og grunnskóla sveitarfélagsins
 - b. Barna sem eru orðin 4-5 ára.
 - c. Fatlaðra barna og barna með alvarleg þroskafrávik.
 - d. Barna sem búa við erfiðleika í félagslegu umhverfi og þurfa forgang að mati velferðarþjónustu.
 - e. Barna einstæðra foreldra.
3. Sótt er um leikskólavist á eyðublaði sem leikskólarnir láta í té. Leikskólarstjóri tilkynnir foreldrum hvenær barnið getur hafið leikskólagöngu. Áður en leikskóladvöl barns hefst gera viðkomandi leikskóli og foreldrar með sér dvalarsamning.
4. Litið er á sveitarfélagið allt sem eitt svæði hvað varðar leikskólavist. Foreldrar geta þannig sótt um skólavist fyrir börn sín í hvorum leikskólanum sem er, óháð því hvar þeir búa í sveitarfélaginu. Foreldrar geta sótt um flutning á milli leikskóla. Eftir að sótt er um flutning er farið eftir innritunarreglum, sbr. 2. gr. reglna þessara.
5. Tvisvar á hverju skólaári er hægt að óska eftir breytingum á vistun. Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða er hægt að óska eftir breytingum oftar. Óski

foreldrar eftir breytingu á vistun barna sinna eða að segja upp vist skal gera það skriflega með mánaðar fyrirvara og skal uppsögn eða beiðni um breytingar berast leikskólastjóra. Breytingar taka gildi um mánaðarmót.

6. Starfstími skólanna er kl. 08:00 – 16:00/17:00 dag hvern. Vistun getur skemmst verið fjórir tímar. Semja skal um vistunartíma við hvorn leikskóla fyrir sig í dvalarsamningi skv. 3. gr. reglnanna.
Bláskógabyggð greiðir stærstan hluta kostnaðar við rekstur leikskóla. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum, svonefnt grunngjald.
Foreldrar eru ábyrgir fyrir greiðslu gjalda fyrir leikskóladvöl skv. gjaldskrá.
Til að foreldrar geti vistað börn sín til kl. 17:00 þurfa a.m.k. 4 börn að vera í slíkri vistun.
7. Leikskólar eru lokaðir vegna sumarleyfa fimm vikur á hverju sumri og er ekki innheimt gjald fyrir börnin þann tíma. Foreldrar geta sótt um allt að 4 vikna leyfi til viðbótar fyrir börn sín og greiða þá aðeins hálf grunngjald á meðan. Heildarsumarleyfið skal vera samfellt. Ekki er veittur afsláttur eða niðurfelling gjalda vegna annarra leyfa eða lokana vegna skipulags- og námskeiðsdaga.
8. Ný gjaldskrá tekur gildi í upphafi árs. Afslættir frá gjaldskrá eru eftirfarandi:
 - a. Systkinaafsláttur með 2. barni: 50%
 - b. Systkinaafsláttur með 3. barni: 75%
 - c. Einstæðir foreldrar skv. þjóðskrá (1. og 2. barn): 50%
 - d. Öryrkjar (75% eða meira): 50%
 - e. Annað foreldri í námi: 50%
 - f. Báðir foreldrar í námi: 75%
 - g. Einstætt foreldri í námi: 75%

Afsláttur skv. þessum reglum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem hefur sama lögheimili skv. þjóðskrá og fjölskyldunúmer og barn á leikskóla.

Afsláttur skv. þessum reglum er ekki veittur afturvirkur. Afsláttur fellur niður án fyrirvara uppfylli foreldrar ekki skilyrði afsláttar.

Námsmannaafsláttur miðast við að námið sé lánshæft skv. viðmiðunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Skrifstofa LÍN veitir upplýsingar um þá skóla og það nám sem metið er lánshæft. Námsmaður skal vera í a.m.k. 75% námi á háskólastigi en í 100% námi sé hann í sérnámi.

Þessi afsláttur á einnig við ef stundað er fullt nám á framhaldsskólastigi.

Skólavottorð berist skrifstofu Bláskógabyggðar í janúar og september ár hvert.

Námssamningar berist skrifstofu Bláskógabyggðar í byrjun samningstímans.

9. Heimilt er að innheimta aukagjald ef dvöl fer fram yfir umsaminn vistunartíma. Gjaldið er á mánuði 50% af tímagjaldi eins og það er ákveðið hverju sinni fyrir níunda tíma vistunar á dag, án afsláttar, fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur.

10. Leikskólagjöld eru innheimt fyrirfram. Gjaldldagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 20 dögum síðar.
Séu leikskólagjöld ógreidd 10 dögum eftir eindaga fær greiðandi senda ítrekun frá banka. Hafi krafa ekki verið greidd 60 dögum eftir eindaga fær greiðandi senda innheimtuviaðvörðun frá innheimtufyrirtæki.
Auk dráttarvaxta sem reiknast af höfuðstól kröfu frá gjalddaga fram að greiðsludegi, sé greitt eftir eindaga, bætist við kostnaður við útsendingu ítrekunarbréfa og innheimtu á greiðanda.

Bláskógabyggð áskilur sér rétt til að segja upp dvalarsamningi barna foreldra hafi greiðsla ekki borist 110 dögum frá gjalddaga. Uppsögn miðast við mánaðarmót og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

11. Leikskólar Bláskógabyggðar starfa skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008.
Ákvarðanir Bláskógabyggðar um rétt einstakra barna til aðgangs að skóla og um rétt til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar er hægt að kæra til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008. Ákvarðanir um gjalddöku fyrir barn á leikskólar er hægt að kæra til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008. Aðila máls er heimilt að kæra til innanríkisráðuneytis þær ákvarðanir Bláskógabyggðar er kveða á um rétt eða skyldu manna sem lúta eftirliti ráðuneytisins, sbr. 111. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Kærufrestir eru þrjú mánuðir frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

*Reglur þessar eru samþykktar í skólanefnd Bláskógabyggðar
þann 13. mars 2019*

*Reglur þessar eru samþykktar í sveitarstjórn Bláskógabyggðar
þann 21. mars 2019*